

Stjórn Félags sauðfjárbænda í Árnessýslu hefur kynnt sér Tillögu til kynningar Landsskipulagsstefnu 2015-2026 (útgefin í desember 2014) og leggur fram eftirfarandi athugasemdir:

1.

Í inngangi um skipulag á miðhálendi Íslands segir: *Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir ferðapjónustu og útivist.* (Bls. 9.)

Þar er ekki minnst á mikilvægi miðhálendisins sem beitilands, en beitaréttindin eru eign bænda og þeim vissulega mikilvæg. Við mótmælum því að mikilvægi miðhálendisins verði einungis skilgreint vegna hagsmuna ferðapjónustu og útivistar og þannig gengið algerlega framhjá hagsmunum og réttindum bænda á svæðinu.

2.

Með þeiri afmörkun, sem gerð er í tillögunni og vitnað er til hér að ofan, er einnig gengið framhjá grundvelli skipulagsstefnunnar sjálfrar, þar sem lögð er áhersla á að *skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, að skipulagið stuðli að lífsgæðum fólks og styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.* (Bls. 6.)

Enda er niðurstaða skýrslunnar sjálfrar sú, bls. 90, að *markmiðum varðandi víðerni og náttúrugæði* sé ekki náð (eigi ekki við) varðandi eftirfarandi:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru sem styður lífsgæði og heilbrigðan og sjálfbærar lífsstíl.*
- Að skipulag byggðar og landnotkunar skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf.* (Bls. 90.)

Með þessum stefnumótunartillögum er litið framhjá hagsmunum bænda og mikilvægum tengslum byggðar, atvinnulífs og mannlífs í sveitum við háleldið. Við teljum að ofangreindir þættir (merktir a. og b.) eigi fyllilega við og að í stefnumótuninni beri að taka tillit til þeirra. Annað getur komið niður á og skaðað byggð í tengslum við umhverfi og náttúru og grafið undan lífsgæðum og heilbrigðum og sjálfbærum lífsstíl sveitafolks.

Með þessum stefnumótunartillögum er vikist undan því að styðja við aðstæður sauðfjárbænda til að þróa grænt hagkerfi og sveitirnar til að fóstra fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf.

3.

Af Tillögu til kynningar um Landsskipulagsstefnu verður ekki annað ráðið en að ítökum bænda á háleldi Íslands verði ætlað að vera aðeins *minjar um sögu og búsetu* í nánustu framtíð. Það er algerlega óásættanlegt og við sauðfjárbændur krefjumst þess að réttindi okkar og hagsmunir á háleldinu verði virt og viðurkennd.

4.

Í kaflanum um skipulag í dreifbýli er fjallað um nýtingu landbúnaðarlands. (Bls. 60.) Beitiland er hins vegar hvergi skilgreint sem auðlind eða kostur sem ber að vernda eða viðhalda, hvorki í kaflanum um dreifbýli né kaflanum um háleldi Íslands. Við gerum alvarlegar athugasemdir við þá brotalöm.

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	28. jan. 2015
Málnr.	
2013/0076	

5.

Við mótmælum harðlega þeim fyrirætlunum að *skipulagsákvvarðanir um beit..... byggi á héraðsáetlunum Landgræðslu ríkisins*. (Bls. 10) (Bls. 44.)

Eins og við höfum áður tekið fram, eiga bændur beitarréttindin og Landgræðslan getur ekki tekið eða skert þau réttindi með áætlanagerð sinni. Við hljótum að mótmæla því að lögvarin réttindi okkar, sem byggja á langri hefð, verði sniðgengin og að einni ríkisstofnun verði unnt að taka skipulagsvald af okkar eigin sveitarfélagi varðandi þau réttindi.

6.

Við gerð Tillögu til kynningar um Landsskipulagsstefnu virðist vera gengið út frá því að aðeins **beit** geti mögulega ógnað gróðri og jarðvegi. Hvergi er minnst á aðkomu eða afskiptasemi Landgræðslunnar nema varðandi þann málaflokk. Á bls. 45 segir: *Mikilvægt er að álag á ferðamannastaði verði í samræmi við þol landsins. Vanda þarf til móttöku ferðamanna og gera ráðstafanir til að draga úr ágangi á viðkvæma náttúru*. Hér er til dæmis ekki minnst á að ferð fólks yrði á nokkurn hátt undir afskiptum Landgræðslunnar vegna gróðurverndarsjónarmiða. Þó má það öllum vera ljóst sem eitthvað vilja um það hugsa, að fólk getur skemmt gróður mjög mikið og víða stórsér á gróðri á hálandinu vegna umferðar og umsvifa ferðafólks og ferðaþjónustu.

Við mótmælum harðlega þeirri túlkun að aðeins beit geti ógnað gróðri og jarðvegi og við mótmælum allri málsmæðferð sem af þeirri túlkun hlýst í skýrslu þessari.

7.

Sem dæmi um mikilvægi þess að hagsmunir beitarréttinda verði skilgreindir, bendum við á eftirfarandi dæmi:

Ef upp koma ágreiningsefni um hver sé rétthærri varðandi rými innan þolmarka landnotkunar á hálandinu, núverandi nýting (t.d. beit) eða aukning annarrar nýtingar (t.d. ágangur ferðamanna), hvort er þá rétthærra?

Á núverandi nýting þá sjálfkrafa að víkja samkvæmt þessari stefnu, sem leggur svo mikla og einhliða áherslu á ferðamenn og útvist?

8.

Að öllu þessu athuguðu, getum við ekki annað séð en að stefnan sé markvisst sett á að bændur, sérstaklega sauðfjárbændur, verði lagðir af, þeim verði ætlað að tilheyra **minjum og sögu**, og að þær minjar séu aðeins mikilvægar vegna ferðaþjónustu og náttúruverndar.

Við fullyrðum að hófleg beit, eins og hún hefur verið stunduð undanfarin ár, hafi einna minnst áhrif til breytinga á land og náttúrugæðum af allri mögulegri landnotkun sem til greina kemur á hálandinu.

Bændur hafa hingað til litið á sig sem vörlumenn þess lands sem þeir hafa til afnota, þar með talið hálandisins. Við teljum að hagsmunir bænda og náttúrunnar fari saman varðandi umgengni um hálandið og krefjumst þess að réttur okkar á hálandinu verði virtur í hvívetna.

Stjórnarfundur Félags sauðfjárbænda í Árnессýslu, Brúnastöðum, 20. janúar 2015.

Guðrún Jónsdóttir  
Guðrún Guðsóson  
Ólafur Þórgír Ketilsson

Sævar Þorvaldsson  
Jónas Þórður Þorvaldsson  
Jónas Þórður Þorvaldsson  
Jónas Þórður Þorvaldsson